

## Úrskurður nr. 3/2014

Kærður er úrskurður Tollstjóra nr. 10/2013. Ágreiningur er um greiðslu virðisaukaskatts af seglbát.

Með bréfi til Ríkistollanefndar dags. 28. janúar 2014, en mótttekið hinn 31. jan. s.á. kærir K. úrskurð Tollstjóra nr. 10/2013, en úrskurðarorð er svohljóðandi: Úrskurðarorð. Embætti Tollstjóra úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun um höfnun á niðurfellingu virðisaukaskatts af seglbátnum RIO Dorada, XPA 7877, er staðfest.

Kæra K til Ríkistollanefndar er svohljóðandi:

Vegna úrskurðar 10/2013 frá embætti Tollstjóra um höfnun á niðurfellingu virðisaukaskatts af rúmlega 40 ára gömlum seglbát, sem af ófyrirsjáanlegum ástæðum dagaði uppi hér á Íslandi.

Vinsamlegast bið ég um endurmat á þessum úrskuði.

Meðfylgjandi ljósrít: EU/EES VAT Reglum um báta byggða fyrir 1985, undanþegnum virðisaukaskatti.

Og öll bréfin mín frá byrjun um niðurfellingu.

Í bréfi til Tollstjóra dags. 28.02.2012 segir m.a.:

Beiðni um undanþágu á virðisaukaskatti.

Vinsamlegast undanþegið virðisaukaskatt (við innflutning) þó greiða þurfi af þeim önnur gjöld.

Af seglbátnum RIO Dorada, XPA 7877, skráður í Kaupmannahöfn.

Áætlað var að sigla bátnum til Grænlands sumarið 2012, en þá kom í ljós að vél bátsins var dæmd ónýt, þess vegna varð ekkert úr þeirri ferð og báturinn ónotaður geymdur á þurru landi.

Þetta varð mikið áfall, því lítið verðmæti er eftir í vélarlausum gömlum seglbát.

Í bréfi til Tollstjóra dags. 6. 04.2013 segir m.a.:

Þegar ég ákvað að fara með skútuna vegna vetrartíma aðstæðna, í frakt með Goðafossi 13.12.11 var ég í góðri trú, að sama tollafgreiðsla yrði framkvæmd og með skútur sem koma siglandi til landsins og eru staðsettar hér í ýmsum höfnum landsins oft í langan tíma.

Ég 76 ára gamall sjómaður planaði að hafa þetta hobbí í ellinni, gera við gamla bátinn, gera hann sjókláran. Það var mikið áfall þegar kom í ljós að vél bátsins var ónýt. Þar sem áætlað var að fara í Grænlandsferð varð ekkert úr. Og báturinn dagaði uppi ónotaður.

Í bréfi til Tollstjóra dags. 10.06.2013 segir m.a.:

Vísa til bréfa 28/2 og 6/4 og meðfylgjandi pappíra Rio Dorada XPA 7877.

Og um beiðni mína um undanþágu frá virðisaukaskatti, vegna þess að þetta er ekki innflutningur þar sem báturinn er skráður í Danmörku.

Sendi meðfylgjandi ljósrít af EU VAT reglum.

Ég vona að þetta komi að gagni um jákvæða beiðni mína.

Í bréfi til Tollstjóra dags. 8.08.2013 segir m.a.:

Vísa til bréfa 28/2, 6/4 og 10/6 og meðfylgjandi pappíra gamla seglbátsins Rio Dorada byggður 1967 í Danmörku.

Og um beiðni mína um undanþágu frá virðisaukaskatti, þar sem báturinn verður skráður í Danmörku og virðisauki hefur verið greiddur þar við byggingu bátsins.

Meðfylgjandi ljósrit af EU VAT reglum.

Vona um jákvæða afgreiðslu um beiðni mína.

Í bréfi til Tollstjóra dags. 17.09.2013 segir m.a.:

Vísa til bréfs dags. 5.09.2013 frá B.

13. september hafði ég samband við A. hjá lögfræðideild tollsviðs, sem benti mér á að skrifa yður um beiðni mína, um niðurfellingu virðisaukaskatts af þessum 46 ára gamla bát.

Ég sætti mig ekki við þennan úrskurð frá 5. september og hafna honum.

Bið yður góðfúslega að athuga beiðni mína jákvætt.

Í bréfi til Tollstjóra dags. 29.10.2013 segir m.a.:

Vísa til bréfs yðar 17. október 2013.

Þegar ég kom með þennan 46 ára gamla seglbát til landsins ætlaði ég að gera hann upp svo hann yrði sjóklár og uppfyllti allar siglingarkröfur.

Síðan kom í ljós að vél bátsins var talin ónýtt, var þetta mikið áfall, því ég 76 ára fyrrverandi sjómaður, ætlaði að dunda við þetta áhugamál í ellinni.

Báturinn er og verður skráður áfram í Danmörku.

Vegna allra þessara aðstæðna, bið ég yður að niðurfella söluskatt af þessum 46 ára gamla bát, sem byggður er fyrir 1985 samkvæmt EU reglum.

Meðfylgjandi ljósrit af EU/EES Vat reglum.

Tollstjóri kvað upp úrskurð nr. 10/2013 hinn 5. desember 2013, málsnr. 201310-0060 og er hann svohljóðandi:

*“Úrskurður nr. 10/2013*

*Í dag var hjá embætti Tollstjóra kveðinn upp svofelldur*

*Ú R S K U R Ð U R*

*Kærandi: K.*

*Kæruefni: Höfnun beiðni um niðurfellingu virðisaukaskatts af seglbáti*

*I. Kæra*

*Með bréfi, dags. 17. september 2013, sem móttakið var þann 7. október sl., hefur K, kært til úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra, dags. 18. apríl 2013, um höfnun á beiðni um niðurfellingu virðisaukaskatts af seglbátinum RIO Dorada, XPA 7877.*

*Kærandi telur að höfnun Tollstjóra sé óréttmæt og krefst niðurfellingar virðisaukaskatts af umræddum bát.*

*II. Málsmeðferð*

*Umræddur seglbátur var fluttur hingað til lands með Goðafossi þann 13. desember 2011. Kærandi fékk bátinn afhentan á tímabundnu innflutningsleyfi, en Tollstjóra er heimilt að veita leyfi til tímabundins innflutnings í allt að 12 mánuði, sbr. 30. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Ljóst er að báturinn hefur ekki farið úr landi og voru því aðflutningsgjöldin gjaldfelld. Tollstjóri sendi kæranda bréf þess efnis dags. 15. febrúar 2012.*

*Með aðflutningsskýrslu fyrir sendingu með sendingarnúmerið E GOD 13 12 1 SE HEL W024 óskaði kærandi eftir undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts af seglbátinum RIO Dorada, XPA 7877. Embætti Tollstjóra svaraði kæranda með bréfi dags. 21. mars 2013, þar sem óskað var eftir frekari rökstuðningi vegna undanþágubeiðninnar.*

*Kærandi svaraði Tollstjóra með bréfi dags. 6. apríl sama ár, þar sem fram kom að hann hefði verið í góðri trú þegar hann ákvað að flytja skútuna til landsins, um að tollafgreiðsla yrði með sama hætti og þegar skútur komi siglandi til landsins og séu*

staðsettar hér í ýmsum höfnum, oft í lengri tíma. Með bréfi dags. 18. apríl 2013 tilkynnti Tollstjóri kæranda að ekki hefðu komið fram ástæður þess efnis að heimila bæri undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts af umræddum seglbáti. Var því beiðni um undanþágu hafnað.

Með bréfi, dags. 10. júní sl., ítrekaði kærandi beiðni sína um undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts. Kærandi taldi að ekki væri um að ræða innflutning þar sem báturinn væri skráður í Danmörku. Kærandi sendi Tollstjóra afrit af leiðbeiningum varðandi virðisaukaskattskyldu seglbáta innan Evrópusambandsins (E. EU VAT Regulations for Yachts). Þann 13. júní 2013 svaraði Tollstjóri fyrrgreindu erindi kæranda þar sem fram kom að íslenskar réttarheimildir gildi um álagningu gjalda héraðs og hafi erlendar leiðbeiningar um virðisaukaskattsskyldu þar af leiðandi ekki áhrif á ákvörðun embættisins. Kærandi ítrekaði enn beiðni sína með bréfi dags. 8. ágúst 2013, þar sem áðurnefnd rök voru ítrekuð. Embætti Tollstjóra svaraði bréfi kæranda þann 5. september sama ár þar sem fyrri ákvörðun embættisins var ítrekuð. Kærandi kærði ákvörðun Tollstjóra dags. 18. apríl 2013 og 5. september 2013, með bréfi dags. 17. september sama ár.

Embætti Tollstjóra óskaði eftir frekari gögnum þann 17. október sl., þar sem gögn skorti sem sýndu fram á að umræddur seglbátur félli undir undanþáguákvæði laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Kærandi svaraði bréfi Tollstjóra þann 29. október þar sem sömu málsástæður voru ítrekaðar sem áður höfðu komið fram.

### III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi byggir kröfu sína um undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts á því að umræddur bátur sé skráður í Danmörku og virðisaukaskattur hafi verið greiddur þar við byggingu bátsins. Kærandi vísar til leiðbeininga varðandi virðisaukaskattsskyldu seglbáta innan Evrópusambandsins (E. EU VAT Regulations for Yachts). Kærandi fer fram á að umræddur seglbátur verði undanþeginn greiðslu virðisaukaskatts.

### IV. Niðurstöður

Meginregla tollalaga nr. 88/2005 er sú að almenn tollskylda hvílir á hverjum þeim sem flytur inn vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla, sbr. 3. gr. laganna.

Innheimta ber virðisaukaskatt af öllum innflutningi með aðflutningsgjöldum, sbr. 1. mgr. 37. gr. virðisaukaskattslaga. Samkvæmt 1. gr. sömu laga skal virðisaukaskattur greiddur af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru.

Samkvæmt ákvæðinu er meginreglan sú að greiða skal virðisaukaskatt af öllum vörum. Undanþágur frá meginreglum skattalaga um gjaldskyldu ber almennt að skýra þröngt og þurfa skilyrði fyrir undanþágu tvímælaust að vera uppfyllt.

Ísland er þriðja land gagnvart Evrópusambandinu þegar kemur að inn- og útflutningi, auk skattamála. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr.

2/1993, var hvorki tekin upp samræmd innheimta tolla né skatta milli ESB- og EFTA-ríkjanna. Því verður ekki fallist á rök kæranda að leiðbeiningar varðandi virðisaukaskattsskyldu seglbáta innan Evrópusambandsins (E. EU VAT Regulations for Yachts) eigi við í málinu. Kærandi ber fyrir sig að virðisaukaskattur hafi þegar verið greiddur í Danmörku, en vert er að geta þess að þeir tvísköttunarsamningar sem Ísland á aðild að taka einungis til tekju- og eignarskatts en ekki til álagningar virðisaukaskatts. Greiðsla virðisaukaskatts í Danmörku breytir því engu um álagningu virðisaukaskatts hér á landi.

Skattskyldan nær til allrar þjónustu, vara og verðmæta, nýrra og notaðra nema sérstakar undanþágur í lögum leiði til annarrar niðurstöðu, sbr. 2. gr. virðisaukaskattslaga. Niðurfelling virðisaukaskatts við innflutning báta er heimiluð í vissum tilfellum. Samkvæmt 6. tl. 12. gr. virðisaukaskattslaga, sbr. 3. tl. 1. mgr. 36. gr. sömu laga, skulu loftför og skip undanþegin virðisaukaskatti við innflutning. Undanþágan nær þó ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd eða skemmtibáta. Um er að ræða undanþágu frá greiðslu lögbundinna gjalda og er því ákvæðið háð þröngri túlkun. Bátar til einkanota falla ekki undir þessa undanþáguheimild virðisaukaskattslaga en kærandi hefur engin gögn lagt fram um að báturinn verði nýttur til annars en einkanota. Kærandi ber sjálfur sönnunarbyrði fyrir því að undanþáguákvæði eigi við. Engin gögn liggja fyrir í máli sem sýna fram á að umræddur seglbátur falli undir áðurgreinda undanþágu og verður því ekki fallist á niðurfellingu virðisaukaskatts.

Kærandi byggir á því að seglbáturinn sé skráður í Danmörku og sé því ekki um innflutning að ræða. Samkvæmt 22. gr. tollalaga skal innflytjandi láta Tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna innfluttrar vöru, áður en vara er afhent til notkunar innanlands eða sett í tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu. Tollskjöl skulu þó látin Tollstjóra í té eigi síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars vöru til landsins nema vöru hafi verið ráðstafað í tollvörugeymslu eða á frísvæði. Umræddur seglbátur kom hingað til lands þann 13. desember 2011. Tollstjóri veitti kæranda leyfi til tímabundins innflutnings við komu bátsins til landsins sem rann út þann 13. desember 2012. Ljóst er að umræddur bátur hefur ekki farið úr landi þrátt fyrir að tímafrestur á tímabundu innflutningsleyfi sé útrunninn, voru því aðflutningsgjöld gjaldfæld enda um innflutning í skilningi tollalaga að ræða. Breytir engu í þessu sambandi þó báturinn sé skráður í Danmörku. Með vísan til alls ofangreinds teljast skilyrði til niðurfellingar virðisaukaskatts af seglbátnum RIO Dorada, XPA 7877 ekki vera fyrir hendi. Kröfu kæranda er því hafnað.

#### ÚRSKURÐARORÐ

Embætti Tollstjóra úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að ákvörðun um höfnun á niðurfellingu virðisaukaskatts af seglbátnum RIO Dorada, XPA 7877, er staðfest.

#### Kæruréttur

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga.”

Kæra kæranda til Ríkistollanefndar dags. 28.01.2014, ásamt fylgigögnum var send tollstjóra til umsagnar með bréfi dags. 7. febrúar 2014 og honum veittur frestur til andsvara til 28. febrúar s.á.

Svar tollstjóra dags. 28.02.2014 fer hér á eftir:

“Málsnr: 201402-0047

Umsögn vegna kæru K., dags. 28. janúar 2014, á úrskurði Tollstjóra nr. 10/2013, vegna höfnunar á beiðni um niðurfellingu virðisaukaskatts af seglbáti.

I.

Með bréfi dags. 7. febrúar 2014 barst embætti Tollstjóra beiðni Ríkistollanefndar um að veita umsögn vegna kæru K., í samræmi við 118. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Ágreiningur í máli þessu snýst um höfnun á beiðni um niðurfellingu virðisaukaskatts af seglbátnum RIO Dorada, XPA 7877. Umræddur seglbátur var fluttur hingað til

lands með Goðafossi þann 13. desember 2011. Kærandi fékk bátinn afhentan á tímabundnu innflutningsleyfi, sbr. 30. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Ljóst er að báturinn hefur ekki farið úr landi að loknum tímabundnu innflutningsleyfinu og voru því aðflutningsgjöldin gjaldfæld. Kærandi telur sig eiga rétt á niðurfellingu virðisaukaskatts vegna innflutnings á bátinum. Niðurstaða Tollstjóra byggði á því að bátar til einkanota falla ekki undir undanþáguákvæði, 6. tl. 12. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1988, sbr. 3. tl. 1. mgr. 36. gr. sömu laga. Kærandi skal bera sönnunarbyrðina fyrir því að undanþáguákvæði eigi við, en engin gögn í málinu sýna fram á að umræddur seglbátur falli undir áðurgreinda undanþágu. Var því ekki fallist á niðurfellingu virðisaukaskatts í úrskurði Tollstjóra.

II.

Kærandi hefur ekki fært fram viðbótarrök í kæru sinni til Ríkistollanefndar. Tollstjóri ítrekar rök sín í hinum kærða úrskurði og er vísað til hans að öllu leyti.

Með hliðsjón af framansögðu fer embættið fram á að úrskurður Tollstjóra nr. 10/2013 verði staðfestur.”

Andsvar Tollstjóra var sent kæranda með bréfi Ríkistollanefndar dags. 5. mars 2014 og kæranda veittur frestur til andsvara til 30. mars s.l.

Kærandi sendi Ríkistollanefnd svohljóðandi bréf ásamt gögnum dags. 26. mars 2014: Vísa til bréfs yðar 5. mars 2014

Vegna beiðni um frekari gögn tilheyrandi málinu, 47 ára gömlum seglbát með einstöku byggingarlagi.

Meðfylgjandi ljósrít: EU/EES VAT reglum um báta byggða fyrir 1985, undnaðegnum virðisaukaskatti.

Ríkistollanefnd hefur tekið mál þetta fyrir á fundum sínum og farið yfir málið ásamt öllum gögnum: Mál þetta snýst um innflutning á seglbátinum RIO Dorada sem fluttur var til landsins með Goðafossi þann 13. desember 2011, sendingarnúmer E GOD 13 12 1 SE HEL W024. Kærandi var krafinn um virðisaukaskatt af hinum innflutta seglbát. Krafa kæranda lýtur að ósk um að virðisaukaskattur verði felldur niður af hinum innflutta seglbát. Ekki virðist ágreiningur um tollflokkun vörunnar né verðmætið sem lagt er til grundvallar útreikningi gjalda, þ.m.t. virðisaukaskatts. Um málavexti er vísað til úrskurðar tollstjóra. Meginrök kæranda fyrir niðurfellingu virðisaukaskattsins eru eins og fram kemur í kæru hans og úrskurði Tollstjóra þau að ekki sé um innflutning að ræða þar sem báturinn sé skráður í Danmörku og að virðisaukaskattur hafi verið greiddur þar við byggingu bátsins. Báturinn sé enn og verði áfram skráður í Danmörku. Sendir kærandi meðfylgjandi upplýsingar um reglur ESB um virðisaukaskatt á skemmtibátum (EU VAT Regulations for Yachts).

Um er að ræða innflutning á notuðum seglbát. Við mat á því hvort báturinn telst innfluttur eða ekki skiptir ekki máli hvort hann sé áfram skráður í Danmörku. Um innflutning á öllum vörum gilda ákvæði tollalaga auk ýmissa sérlaga sem gilda m.a. um innheimtu virðisaukaskatts. Í sérstökum tilvikum er heimilt að fresta tollafgreiðslu og heimila þannig tímabundinn innflutning á vörum, s.s. bifreiðum og bátum þegar ljóst er að þeim er ætlað að vera hér á landi einungis í stuttan tíma. Um slíkar heimildir gilda ákvæði tollalaga og fékk kærandi heimild til tímabundins innflutnings á seglbátinum. Það leyfi rann út 13. desember 2012. Ekki er í máli þessu tekin afstaða til þess hvort kærandi kunni að geta sótt um undanþágu frá þessum fresti, enda var ekki fjallað um það álitamál í úrskurði Tollstjóra.

Þau rök kæranda að þegar sé búið að greiða virðisaukaskatt af seglbátum í Danmörku eða að um bátinn gildi sérstakar undanþágur frá virðisaukaskatti skipta ekki máli varðandi skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt hér á landi. Þær reglur sem kærandi hefur vísað til gilda á milli ríkja ESB sem hafa með sér sameiginlegt virðisaukaskattkerfi þar sem heimilar eru endurgreiðslur eða undanþágur vegna viðskipta og flutnings á vörum innan ESB ríkja. Með EES samningnum voru ekki teknar yfir þessar sameiginlegu reglur ESB um virðisaukaskatt. Þær sameiginlegu ESB reglur sem kærandi vísar til gilda því ekki við innflutning í EFTA ríki á vörum frá ESB heldur hefur hvert EFTA ríki um sig (Ísland, Noregur og Liechtenstein) áfram sjálfstæða heimild til að leggja á óbeina skatta og gjöld á allar vörur við innflutning þeirra til landsins. Um innflutning á notuðum seglbátum gilda því eins og áður greinir íslensk lög með sama hætti og við innflutning á öðrum vörum hingað til lands. Eru því framangreind rök kæranda ekki tekin til greina.

Eins og tollstjóri rekur er meginreglan sú að innfluttar vörur beri virðisaukaskatt.

Samkvæmt framanrituðu stóð fyrst til að báturinn væri hér tímabundið. Þar sem

hann var ekki fluttur af landi brott innan tilskilinna tímamarka ber að fallast á

sjónarmið Tollstjóra og greiða af honum tilskilin gjöld, þ.m.t. virðisaukaskatt.

Með vísan til framanritaðs kveður Ríkistollanefnd upp svofelldan

ÚRSKURÐ:

Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 6. tl. 12. gr. svo og 3. tl. 1. mgr.

36. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er úrskurður tollstjóra nr. 10/2013

staðfestur.